

Yfirlýsing vegna Dalbrautar 6, 300 Akranesi

Með kaupsamningi dags. 26. mars 2014, keypti Akraneskaupstaður, kt. 410169-4449, Stillholti 16 – 18, 300 Akranesi (hér eftir nefndur kaupandi), fasteignina Dalbraut 6, 300 Akranesi, í heild, fastanúmer 210-0560, ásamt venjulegu fylgifé, þ.m.t. lóðarréttindum af Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar ehf., kt. 480794-2069, Dalbraut 6, 300 Akranesi (hér eftir nefnd seljandi).

Kaupverðið var kr. 212.000.000,- (tvö hundruð og tólf milljónir króna) og bar seljanda að afhenda kaupanda eignina veðbandalaus eigi síðan en klukkan 12:00 þann 1. mars 2015 og kaupanda að inna af hendi lokagreiðslu (fullnaðargreiðsla) þann sama dag, að fjárhæð kr. 128.045.678,- (eitt hundrað tuttugu og átt milljónir fjörutíu og fimm þúsund sex hundruð sjötíu og átt akrónur) sbr. viðauka við kaupsamninginn. Útgáfa afsals færi fram að fullnægðum þessum skilyrðum.

Samkvæmt beiðni, dags. 19. janúar 2015, óskaði seljandi eftir að afhending eignarinnar yrði frestað til 1. maí 2015. Bæjarráð samþykkti beiðnina þann 29. janúar 2015 og fól bærarstjóra frekari úrvinnslu málsins með tilliti til fyrirliggjandi kaupsamnings.

Kaupandi og seljandi eru sammála um að fullnaðargreiðslan verði innt af hendi með eftirfarandi hætti:

1. Kaupandi greiðir þann 1. mars 2015 seljanda kr. 52.498.728,- (fimmtíu og tvö milljónir fjögur hundruð níu og átt þúsund sjö hundruð tuttugu og átt akrónur).
2. Kaupandi greiðir seljanda þann 1. maí 2015 kr. 75.546.950,- (sjötíu og fimm milljónir fimmm hundruð fjörutíu og sex þúsund níu hundruð og fimm tíu akrónur) við afhendingu eignarinnar eigi síðar en klukkan 12:00 þann 1. maí 2015.
3. Afsal verður gefið út um leið og fullnaðargreiðsla hefur farið fram og að fullnægðum öðrum skilyrðum (eignin afhent án veðbanda).

Ákvörðun fjárhæðarinnar sem kaupandi greiðir þann 1. mars 2015 tekur mið af mögulegum vaxtakjörum Akraneskaupstaðar vegna tímabilsins frá 1. mars og til 1. maí af fjárhæðinni og rekstrarkostnaði seljanda af húsnæðinu (vegna hita, rafmagns og fasteignagjalda) fyrir sama tímabil sbr. fylgiskjal númer 1.


Akranesi, 26. febrúar 2015

F.h. kaupanda



Regína Ásvaldsdóttir

Regína Ásvaldsdóttir,
bæjarstjóri

F.h. seljanda





Þórður Þ. Þórðarson



Ólafur Þórðarson

Vitundavottar að fjárræði, rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:


250170-4169


030257-5299